

Erlend verkefni 2021 - 2022

Samtals fara 23 starfsmenn í átta námsferðir til fimm landa í Evrópu. 18 starfsmenn taka þátt í sex ferðum styrktum af Erasmus+. Þetta eru tveggja til sjö daga ferðir á ráðstefnur og námskeið í fimm löndum í Evrópu. Námsferð á Bett í London er styrkt af SEF. Tveir kennarar fara í undirbúningsferð til Danmerkur með styrk frá Nordplus. Einnig tekur MS á móti ýmsum gestum frá Evrópu og víðar og tekur þátt í WES, rafrænni alþjóðlegri ráðstefnu um menntamál.

Erasmus+ verkefni: Starfsþróun til að efla skapandi skólastarf 2019-2020

- Preventing Conflicts and Preventing Early School Leaving á Tenerife á Kanaríeyjum, 20.-26. mars 2022.
 - Björk Erlendsdóttir, forstöðumaður námsráðgjafar
 - Hildur Halla Gylfadóttir, náms- og starfsráðgjafi
 - Kristín Linda Kristinsdóttir, íþróttakennari
- Research Symposium on action research í International School of Florence í Flórence á Ítalíu 14.- 15. apríl 2022.
 - Brynja Gunnlaugsdóttir, líffræðikennari
 - Helga Sigríður Þórsdóttir, rektor
 - Hjördís Þorgeirsdóttir, félagsfræðikennari
 - S. Lilja Guðbjörnsdóttir, stærðfræðikennari

Erasmus+ verkefni: Starfsþróun til að efla verkefnamiðað nám 2020-2021

- Project Based Learning in the Classroom, á Tenerife á Kanaríeyjum, 1.-7. maí 2022
 - Einar Rafn Þórhallsson, kennari í raftónlist
 - Ólöf Björg Björnsdóttir, kennari í myndlist
 - Arnar Steinn Friðbjarnarson, kennari í kvikmyndafræði
- Starfsspeglun bókasafns- og upplýsingafræði í Helsinki, Finnlandi 6.-10. júní 2022
 - Kristín Konráðsdóttir, forstöðumaður Bókasafns- og upplýsingamiðstöðvar

Erasmus+ verkefni: Starfsþróun til að efla faglegt starf kennara 2021-2022

- Teaching Languages in the digital era: the best apps, web platforms and ICT solutions for learning languages, Bologna á Ítalíu, 27. febrúar til 5. mars 2022
 - Arnoddur Hrafn Elíasson, enskukennari
 - Petrína Rós Karlsdóttir, frönskukennari
 - Svanhildur Snæbjörnsdóttir, frönskukennari
 - Vignir Andri Guðmundsson, enskukennari

- Ráðstefna Euroclio (European Association of History Educators) Samtök evrópskra sögukennara, Bologna á Ítalíu, 28. apríl til 1. maí 2022.
 - Brynhildur Einarsdóttir, kennari í sögu og lýðræðisvitund
 - Brynja Dís Valsdóttir, sögukennari
 - Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, fagstjóri félagsgreina og sögukennari

Verkefni með styrk frá Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara

- Ráðstefna Bett um tölvumál og nýjungar í fjarkennslu og upplýsingatækni í London á Englandi 23. til 25. mars 2022.
 - Hjördís Alda Hreiðarsdóttir

Verkefni með styrk frá Nordplus

- Undirbúningsferð vegna Nordplus umsóknar með SE-Katedralskolan í Svíþjóð, FO-Glasir í Færeyjum og Aurehøj Gymnasium í Kaupmannahöfn 24.-26. janúar 2022.
 - Lóa S. Kristjánsdóttir, fagstjóri félagsgreina og sögukennari
 - Trine Holm Houmøller, dönskukennari

Nordplus verkefni: Vinir um vatnið

Nordplus samstarfsverkinu Vinir um vatnið með Aurehøj Gymnasium í Danmörku, SE-Katedralskolan í Svíþjóð og FO-Glasir í Færeyjum sem staðið hefur yfir í 2 ár lauk með ráðstefnu í MS þann 22. september 2021. Þar var kynntur afrakstur verkefnisins, aðferðir og vinnuferlið með innlögnum, myndböndum og sýningu á listaverkum nemenda um vatnið. Einnig voru flutt erindi um skólastarfið í MS og starfendarannsóknir í MS og hópur MS kennara ræddi um skólastarfið við gestina yfir hádegisverði. Alls tóku 11 erlendir gestir og 10 starfsmenn MS þátt í ráðstefnunni. Tilgangurinn með verkefninu var að auka áhuga á norrænu samstarfi með notkun norrænna tungumála og fjalla um norræna menningu. Fjallað var um vatn út frá ólíkum sjónarhornum mannsins, náttúru og menningu. Nemendur unnu verkefni um vatnið í listgrein.

- Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, fagstjóri félagsgreina og sögukennari
- Guðrún Benedikta Elíasdóttir, fagstjóri listgreina, menningarfræða og íþrótt og kennari í myndlist og leirmótun

Evrópskir kennarar í heimsókn

20 kennarar og 2 skólastjórnendur frá 10 löndum í Evrópu komu í heimsókn í MS 14. október 2021, skoðuðu skólann, fengu fræðsluerindi um skólastarfið í MS og fóru í heimsóknir í kennslustundir og fylgdust með starfinu í skólastofunum. Annar hópur 24 evrópskra kennara kom í heimsókn 15. mars 2022 og fengu sömu dagskrá.

WES World Education Summit, rafræn ráðstefna 21. – 24. mars 2022

Alls tóku 26 starfsmenn þátt í WES World Education Summit sem er alþjóðleg menntaráðstefna á netinu skipulögð af Osiris Educational í London og John Hattie, menntunarsérfræðingi á Nýja Sjálandi.

Heimsókn frá Greve Gymnasium í Danmörku

Þann 30. mars 2022 komu tveir kennarar og 21 nemandi í heimsókn frá Greve Gymnasium sem er rétt fyrir utan Kaupmannahöfn. Þau fengu fræðsluerindi um skólastarfið í MS, fóru í

heimsóknir í kennslustundir og spjölluðu við nemendur og skoðuðu skólann. Lóa S. Kristjánsdóttir, fagstjóri félagsgreina sá um undirbúning og skipulag heimsóknarinnar.

Heimsókn kennara í starfsspeglun frá Saint-Junien í Frakklandi

Tveir kennarar í ensku og líffræði koma í starfsspeglun í MS vikuna 25. til 29. apríl 2022. Kennarar í ensku og líffræði taka á móti þeim í sínum kennslustundum og einnig fá þau almenna kynningu á skólstarfinu í MS. Nína Rúna Ævarsdóttir Kvaran, fagstjóri í ensku hefur skipulagt kennsludagskrá fyrir gestina.

Heimsókn kennara í starfsspeglun frá eyjunni Reunion í Indlandshafi úti fyrir austurstönd Afríku

Átta stjórnendur og kennarar í listum, jarðfræði og raunvísindum koma í starfsspeglun í MS 16. til 20. maí 2022. Kennarar í frönsku hafa undirbúið heimsóknina með þeim og munu þau fá kynningu á skólstarfinu, heimsóknir í kennslustundir og vettvangsferðir út fyrir Reykjavík undir leiðsögn Petrínar Rósar Karlsdóttur frönskukennara.

Námsferðir nemenda í frönsku og þýsku

Nemendur MS í framhaldsáföngum í frönsku og þýsku fara í námsferðir til Parísar og Berlínar sem skipulagðar eru af kennurum í þeim fagdeildum. Petrína Rós Karlsdóttir og Svanhildur Snæbjörnsdóttir fara með 27 nemendur í námsferð til Parísar 5. - 8. maí 2022. Sólveig Þórðardóttir og Kristjana Björg Sveinsdóttir fara með 26 nemendur í námsferð til Berlínar 6. - 9. maí 2022.

Hjördís Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri um erlent samstarf, 30. apríl 2022.